
Þátttaka Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2003

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt
ályktun Alþingis frá 2. júní 2016

Rannsóknarnefnd Alþingis 2017

Niðurstöður

- Stjórnvöld, fjölmiðlar og almenningur voru blekkt um þátt Hauck & Aufhäuser í einkavæðingu Búnaðarbankans.
- Hauck & Aufhäuser var aldrei fjárfestir í Búnaðarbankanum.
- Þýski bankinn fór ekki með raunverulegt eignarhald í Eglu hf., sérstöku eignarhaldsfélagi um hlutinn sem íslenska ríkið seldi í Búnaðarbankanum.

Niðurstöður

- Hópur manna notaði leynilega baksamninga að til að koma raunverulegu eignarhaldi Eglu hf. í aflandsfélag.
- Aflandsfélagið bar heitið Welling & Partners og var skráð á Tortóla.
- Kaupthing Luxembourg útvegaði Welling en félagið hafði reikning hjá Hauck & Aufhäuser.

Niðurstöður

- Welling & Partners fékk rúmlega 100 milljónir Bandaríkjadala inn á bankareikning Hauck & Aufhäuser vegna leynisamninganna.
- 57,5 milljónir Bandaríkjadala runnu til aflandsfélagsins Marine Choice Limited, sem var stofnað af panamísku lögmannstofunni Mossack Fonseca og skráð á Tortóla.
- Raunverulegur eigandi Marine Choice Limited var Ólafur Ólafsson.

Niðurstöður

- 46,5 milljónir Bandaríkjadala voru greiddar inn á reikning aflandsfélagsins Dekhill Advisors Ltd. hjá Julius Bär bankanum í Sviss.
- Dekhill Advisors er skráð á Tortóla.
- Ekki óyggjandi upplýsingar um hverjir áttu Dekhill en nokkrir líklegri en aðrir.

Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

- Baksamningarnir voru undirbúnir og frágengnir í janúar 2003 í þríhliða samstarfi Hauck & Aufhäuser, Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg og manna sem sinntu því verkefni af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar.

Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

- Fyrir Ólaf Ólafsson:
 - Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri Eglu hf. og framkvæmdastjóri hjá Samskipum.
 - Ralf Darpe og Michael Sautter, starfsmenn Soci t  G n rale.

Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

- Hjú Kaupþingi hf.
 - Hreiðar Már Sigurðsson, aðstoðarforstjóri bankans.
 - Steingrímur Kárasón, yfirmaður áhættustýringar.
 - Bjarki Diego, lögfræðingur í bankanum.
 - Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kaupthing Luxembourg.
 - Kristín Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar.
 - Eggert J. Hilmarsson, lögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg.
 - Karim Van Den Ende, lögmaður hjá KV Associates S.A. í Lúxemborg.

Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

- Hjá Hauck & Aufhäuser:
 - Peter Gatti, framkvæmdastjóri og meðeigandi.
 - Martin Zeil, forstöðumaður lögfræðisviðs Hauck & Aufhäuser, síðar þingmaður í Þýskalandi og ráðherra í ríkisstjórn Bæjaralands.

Hverjir gerðu baksamningana og/eða vissu um þá?

- Engin gögn sem benda til að aðrir aðilar innan S-hópsins hafi vitað um baksamningana.
- Engin gögn sem benda til að ráðherrar eða starfsfólk Stjórnarráðsins hafi haft vitneskju.

Hvaða blekkingum var beitt?

- Stjórnvöld voru látin halda að Hauck & Aufhäuser væri fjárfestir.
- Sömu mynd haldið fram við fjölmiðla og almenning.
- Ítrekað bornar til baka eða vísað á bug fréttum og fullyrðingum í fjölmiðlum um að Hauck & Aufhäuser væri „leppur fyrir aðra“.

Hvaða blekkingum var beitt?

Í bréfi lögmanns S-hópsins til Fjármálaeftirlitsins 17. febrúar 2003 er fullyrt að umbjóðendum hans sé „ekki kunnugt um að í gildi séu samningar milli annarra en umsækjenda um ráðstöfun hluta í BÍ, um það hvernig beita skuli atkvæðisrétti eða um nokkuð það sem varðar eignarhald og þann rétt og þær skyldur sem slíkt eignarhald veitir.“

Hvaða blekkingum var beitt?

„Samkvæmt upplýsingum Hauck & Aufhäuser ætlar bankinn að fjármagna kaupin með eigin fé, þ.e. nota óbundna fjármuni til fjárfestinga: „Hauck & Aufhäuser will finance its purchase from its own resources - meaning that it will use its free assets purchase the shares in Egla”. (Bréf umboðsmanns S-hópsins til FME 17. febrúar 2003).

Á hverju byggja niðurstöður nefndarinnar meðal annars?

- Nokkur þúsund síður af gögnum, m.a. tölvupóstsamskiptum þeirra sem stóðu að gerð baksamninganna og aðdraganda þeirra.
- Afrit af baksamningum og mismunandi drögum sem gerð voru að þeim.
- Samskipti starfsmanna Sociétés Générale við Ólaf Ólafsson og Hreiðar Má Sigurðsson.
- Upplýsingar um millifærslur inn á bankareikninga og fyrirmæli um greiðslu.
- Upplýsingar frá fyrrverandi meðeiganda í Hauck & Aufhäuser.

Málsmeðferð nefndarinnar

- Fjögur vitni voru leidd fyrir dómstóla.
- Tvö þeirra töldu sér m.a. ekki skylt að koma fyrir rannsóknarnefndina og svara spurningum nema þeim væru kynnt gögn fyrirfram og um hvað nefndin ætlaði að spyrja þau.
- Báru umrædd atriði undir dómstóla en málatilbúnaði þeirra var hafnað með dómum Hæstaréttar 17. janúar 2017.

Nánari atvik – árslok 2002 og 2003

- Aðdragandi og gerð baksamninganna.
 - Efni og áhrif baksamninganna í hnotskurn.
 - Ráðstafanir Kaupþings hf. í tengslum við baksamningana.
- „Millileikir“
 - Láni til Welling & Partners skipt upp

Nánari atvik – 2004

- „Millileikir“ frh.
 - Eglu hf. selur 17,8m hluti í KB banka.
- Fyrri kaup Welling & Partners á hlutum í Eglu hf. af Hauck & Aufhäuser á grundvelli baksamninganna.
- Skuldir Welling & Partners greiddar upp að fullu.

Nánari atvik – 2005

- Síðari kaup Welling & Partners á hlutum í Eglu hf. af Hauck & Aufhäuser á grundvelli baksamninganna.
- Heildarávinningur Welling & Partners af viðskiptunum.
- Kaupthing Bank Luxembourg undirbýr skiptingu hagnaðar.

Nánari atvik – 2006

- Greiðsla frá Welling & Partners til Dekhill Advisors Limited.
- Greiðsla frá Welling & Partners til Marine Choice Limited.

Aðdragandi baksamninganna

- Hvatamaðurinn og leiðtogi í kaupum S-hópsins á hlutnum í Búnaðarbankanum var Ólafur Ólafsson.
 - Þar á meðal aðkoma erlendrar fjármálastofnunar.
- Ekkert bendir til að aðrir úr S-hópnum hafi átt þátt í eða vitað af baksamningunum.
- Guðmundur Hjaltason og „ráðgjafar S-hópsins“ frá Soci t  G n rale, Ralf Darpe og Michael Sautter,   reynd tr na armenn  lafs   þessu ferli, frekar en S-h psins   heild.

Aðdragandi baksamninganna (des. 2002)

- 11. desember: Ralf Darpe tilkynnir stjórn Kers hf. að Soci t  G n rale taki ekki þ tt.
- 13. desember: Tilkynning    o.fl. til framkv mdanefndar um einkav  ingu.
- 17. desember: T lvup stur Ralf Darpe til  lafs  lafssonar.
 - B ka ir fundir me  þ skum bankam nnum   Frankfurt.
 - Tveir fundir, annar me  Peter Gatti og Martin Zeil hj  Hauck & Aufh user.
 - „Let us know if we should book the Hotel for you and the Puffin or if we can organize anything else for you.“
 - Fulllj st af g gnum ranns knarnefndar a  „Puffin“ st   fyrir Kaupping hf.

Aðdragandi baksamninganna (jan. 2003)

- 6. janúar: Ólafur Ólafsson tilkynnir formanni framkvæmdanefndar um einkavæðingu að „samningar við erlenda fjármálastofnun væru langt komnir“.
- 10. janúar: Ólafur Ólafsson tilkynnir stjórn Kers hf. að Hauck & Aufhäuser „komi að Eglu hf. í þessu máli“ og að Martin Zeil, lögmaður bankans, væri á landinu að „yfirfara og skoða drög að skjölum“.
- Fyrstu drög baksamninganna í gögnum rannsóknarnefndar eru frá þeim sama degi, 10. janúar 2003.

Baksamningarnir

- Milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited.
 - Kaupping hf. stóð á bak við Welling & Partners þá og síðar.
- Tveir nátengdir og óaðskiljanlegir samningar.
 - Söluréttarsamningur (Put Option Agreement)
 - Veð- og tryggingasamningur (Pledge and Security Agreement)
- Samdir og fullkláraðir með leynd frá 10. til 15. janúar 2003.
 - Kom fram í upphafi hverjir voru þar að verki og í hvers þágu.
- Undirritaðir í útlöndum daginn eftir, 16. janúar 2003.
 - Nokkrum klst. fyrir undirritun kaupsamnings um Búnaðarbankann í Reykjavík.

Gerð baksamninganna

- Hófst í síðasta lagi 10. janúar 2003.
- Umfangsmikil tölvupóstsamskipti frá þeim tíma til 16. janúar 2003.
 - Drög baksamninga send á milli með breytingum og viðbótum.
 - Hátt á annan tug draga í gögnum nefndarinnar, mismiklar breytingar þó.
- Hverjir sömdu eða fullgerðu samningana skv. tölvupóstunum?
 - Guðmundur Hjaltason – af hálfu og í þágu Ólafs Ólafssonar, telur rannsóknarnefndin ljóst.
 - Bjarki Diego af hálfu Kaupþings hf.
 - Martin Zeil af hálfu Hauck & Aufhäuser.
- Mun stærri hópur fékk afrit af tölvupóstum og samningsdrögum.
 - Líklega einnig hist á fundum á sama tíma.

Efni og áhrif baksamninganna

- Meginefni baksamninganna.
 - Sjá bls. 75 í skýrslu rannsóknarnefndar (rammagrein) og bls. 153 og áfram (ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar).
- Nánar um efni og áhrif baksamninganna.
 - Sjá kafla 5.5 í skýrslu rannsóknarnefndar.
- Baksamningarnir sjálfir.
 - Sjá viðauka 1 og 2 með skýrslu rannsóknarnefndar (prentuð útgáfa).
- Ýmis drög að baksamningunum ásamt meðfylgjandi tölvupóstsamskiptum og öðrum fylgiskjölum.
 - Sjá viðauka 5 með skýrslu rannsóknarnefndar (vefútgáfa).

Söluréttar- samningurinn

- Eignarhald Hauck & Aufhäuser á hlutum í Eglu hf. bara tímabundið og til málamynda.
- Eigendaskipti að hlutunum í reynd fyrirfram gefin niðurstaða.
- Söluréttur Hauck & Aufhäuser til Welling & Partners.
 - Bara tímaskilyrði, að 21 mánuður liði.
 - Kaupverð jafnt hlutafjárframlagi til Eglu hf.
 - ... en þó aldrei hærra en 33.454.372 Bandaríkjadalir.
- Forkaupsréttur (Pre-emptive Right) Welling & Partners.
 - Bara skilyrði um „gilt tilboð“ í hlutina.
 - „Óháð fjárhæð“ tilboðsins.
 - Var að endingu notað til að framkvæma baksamningana.
- Girt fyrir með sérstöku ákvæði að Hauck & Aufhäuser seldi nokkrum öðrum.

Veð- og tryggingasamningurinn

- Welling & Partners tryggði algert skaðleysi Hauck & Aufhäuser.
 - Skaðleysi af öllum hugsanlegum fjárframlögum til Eglu hf.
 - > Líka hugsanlegum kostnaði við slíka fjármögnun.
 - Trygging fyrir greiðslu þóknunar.
 - Skaðleysi af annarri hugsanlegri fjárhagslegri áhættu.
 - > Þar á meðal af lækkun hlutabréfaverðs Búnaðarbankans.
 - > Að öðru leyti nær takmarkalaus ábyrgðar- og skaðleysisákvæði í þágu Hauck & Aufhäuser.
- Welling & Partners bar að veðsetja Hauck & Aufhäuser samtals um 35,5 milljónir Bandaríkjadala í þessu skyni.

Ráðstafanir Kaupþings hf. vegna baksamninga

- Útvegaði aflandsfélagið Welling & Partners til að standa að baksamningunum.
- Útvegaði stjórnanda að nafni til fyrir aflandsfélagið.
 - Karim Van den Ende.
 - Undirritaði baksamningana og sá svo um alla framkvæmd þeirra á næstu árum eftir fyrirmælum Kaupþings hf. og Kaupthing Bank Luxembourg.
- Sendi Hauck & Aufhäuser samtals 35,5 milljónir Bandaríkjadala inn á bankareikning Welling & Partners.
 - Til að efna veð- og tryggingasamninginn. Gert í tvennu lagi 13. og 16. janúar 2003.
 - Hreiðar Már Sigurðsson samþykkti báðar greiðslurnar.
 - Fjárhæðin veðsett Hauck & Aufhäuser.
- Gekk frá lánessamningi við Welling & Partners vegna þeirrar fyrirgreiðslu
 - Engar tryggingar.

Ráðstafanir Kaupþings hf. vegna baksamninga

- Gekk frá samkomulagi um hagnaðarskiptingu milli Welling & Partners og annars aflandsfélags, Serafin Shipping Corp.
 - Raunverulegur eigandi Serafin var Ólafur Ólafsson
 - Félagið hýst hjá Kaupthing Bank Luxembourg.
- Samkomulagið kvað á um að:
 - Aðilar þess myndu skipta með sér til helminga nettóhagnaði, en ekki neinu tapi, af hugsanlegri fjárfestingu í hlutum í Eglu hf.
 - Welling & Partners myndi greiða Serafin Shipping Corp. helming þess nettóhagnaðar sem yrði af slíkum viðskiptum.
- Síðar kom annað aflandsfélag Ólafs Ólafssonar í stað Serafin.
 - Marine Choice Limited. Nánar síðar.

Undirskrift baksamninga

- Báðir baksamningarnir voru undirritaðir fyrri hluta dags 16. janúar 2003 í útlöndum.
 - Baksamningar þar með undirritaðir á undan kaupsamningnum um Búnaðarbankann.
 - Martin Zeil auk annars manns fyrir Hauck & Aufhäuser.
 - Karim Van den Ende fyrir Welling & Partners
- Staðan á þessum tímapunkti?
 - Baksamningar í gildi.
 - Réttur Welling & Partners til hlutanna í Eglu hf. tryggður.
 - Búið að ákveða skiptingu ávinnings.

Samandregið um baksamninga og tengda gerninga

- Hauck & Aufhäuser:
 - Lagði ekkert fram í reynd og gat engu tapað.
 - Gat ekkert grætt.
 - Fékk þóknun.
- Kaupping hf. (Kaupthing Bank Luxembourg) gegnum Welling & Partners:
 - Fjármagnaði allt í reynd og tók alla áhættu.
 - Átti helming hugsanlegs nettóhagnaðar.
- Ólafur Ólafsson gegnum Serafin Shipping Corp. (síðar Marine Choice Limited) og hagnaðarskiptasamning:
 - Lagði ekkert fram og gat engu tapað.
 - Átti helming hugsanlegs nettóhagnaðar.

Láni Welling & Partners skipt upp í mars 2003

- Upphaflegt lán frá Kauppingi hf. að fjárhæð um 35,5 milljónir Bandaríkjadala.
 - Skipt upp með nýjum lánessamningum í mars-apríl 2003.
 - Brotið upp í fleiri og lægri lán.
 - Kaupthing Bank Luxembourg að nafni til gert lánveitandi í hluta lánanna.
 - > Kaupping hf. ábyrgðist þó sérstaklega öll slík „lán“ dótturfélagsins.
 - Önnur aflandsfélög að hluta til sett sem lántakar hjá Kauppingi hf. og KBL.
 - ... og „framlánuðu“ til Welling & Partners á sömu fjárhæðum og kjörum.
 - > Bara óvirkir milliliðir.
 - > Voru í eigu enn annars aflandsfélags.
 - > Karim Van den Ende veitti hér sem fyrr þjónustu.

Láni Welling & Partners skipt upp í mars 2003

- Öll fjárhæðin eftir sem áður útistandandi og á endanlega áhættu Kauppings hf.
 - Engar fjármagnshreyfingar milli viðkomandi félaga eða bankanna.
 - Engar skilmálabreytingar sem máli skiptu.
 - Engin endurgreiðsla á láninu.
 - Bara formbreyting.

Egla hf. selur í KB banka í febrúar 2004

- Egla hf. seldi 17,8m hluta í Kauppingi Búnaðarbanka hf. í febrúar 2004.
 - Um 4% hlutur í bankanum.
- Selt með milligöngu bankans sjálfs.
- Bankinn keypti endanlega sjálfur – beint eða óbeint – megnið af hlutunum.
 - Um 2/3 hluta.
- Af gögnum rannsóknarnefndar má ráða að selja hafi átt „af hlutum Hauck & Aufhäuser“ í Eglu hf.
- Söluandvirðið um 4,7 milljarðar króna.
 - Rann inn á bankareikning Eglu hf. hjá Kauppingi Búnaðarbanka hf.
 - Nánar síðar um endanlega ráðstöfun þess.

Fyrri viðskiptin á grundvelli baksamninganna

- Áttu sér stað í apríl-maí 2004
 - Kafli 5.7.5 í skýrslu nefndarinnar.
- Tilboð Kers hf. að fjárhæð um 59,7 milljónir Bandaríkjadala til Hauck & Aufhäuser í hluti bankans í Eglu hf.
- Tók til um 2/3 hluta af hlutunum í Eglu hf.
 - 1/3 stóð eftir „í eigu“ Hauck & Aufhäuser.
- Virkjaði forkaupsrétt Welling & Partners.
 - Guðmundur Hjaltason sendi Kaupthing Bank Luxembourg afrit tilboðsins sama dag og hann sendi það til Hauck & Aufhäuser í nafni Kers hf.
- Welling & Partners fól Hauck & Aufhäuser að taka tilboðinu ...

Fyrri viðskiptin á grundvelli baksamninganna

- Welling & Partners gekk inn í kaupin og keypti hlutina af Hauck & Aufhäuser á um 21,3 milljónir Bandaríkjadala
 - Handveðsetta innstæðan stóð straum af því kaupverði.
- Hauck & Aufhäuser seldi hlutina jafnskjótt til Kers hf. í eigin nafni
- ... en í raun sem fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners, fyrir reikning og áhættu þess.
- Allt söluandvirðið rann til Welling & Partners.
 - Greitt í maí 2004 með andvirði sölu Eglu hf. í febrúar 2004, sbr. áður.
- Nánar síðar um uppgreiðslu lána og eftirstöðvar að því búnu.

Skuldir Welling & Partners greiddar upp

- Söluandvirðið að fjárhæð 59,7 milljónir Bandaríkjadala notað til að greiða upp allar áhvílandi skuldir Welling & Partners.
 - Sbr. áður um uppskiptingu hins upphaflega láns.
- Starfsmenn Kaupthing Bank Luxembourg og KB banka á Íslandi, með fulltingi Karim Van den Ende, framkvæmdu uppgreiðsluna í maí 2004.
- Samtals uppgreiðsluvirði skuldanna um 41,3 milljónir Bandaríkjadala.
- Eftirstöðvarnar, um 18,4 milljónir Bandaríkjadala, settar í ávöxtun á bankareikningum Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser.

Síðari viðskiptin á grundvelli baksamninganna

- Áttu sér stað í júní-júlí 2005.
 - Kafli 5.8.2 í skýrslu nefndarinnar.
- Tilboð Kjalars ehf. o.fl að fjárhæð 5.501.000.000 krónur til Hauck & Aufhäuser í eftirstandandi hluti bankans í Eglu hf.
 - Kaupverðið skyldi greitt í Bandaríkjadöllum.
- Virkjaði forkaupsrétt Welling & Partners.
 - Ólafur Ólafsson sendi Martin Zeil hjá Hauck & Aufhäuser tilboð.
 - Samhliða fóru af stað bréfaskipti Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners um beitingu forkaupsréttar.
 - Sem fyrr stýrði Kaupthing Bank Luxembourg í raun aðgerðum félagsins.
- Welling & Partners fól Hauck & Aufhäuser að taka tilboðinu ...

Síðari viðskiptin á grundvelli baksamninganna

- Welling & Partners gekk inn í kaupin og keypti hlutina af Hauck & Aufhäuser á um 11,7 milljónir Bandaríkjadala.
 - Handveðsetta innstæðan stóð straum af því kaupverði, líkt og áður.
- Hauck & Aufhäuser seldi hlutina jafnskjótt til Kjalars ehf. í eigin nafni
- ... en í raun sem fjárvörsluaðili fyrir Welling & Partners, fyrir reikning og áhættu þess.
- Allt söluandvirðið rann til Welling & Partners
 - Um 83,9 milljónir Bandaríkjadala
 - Símgreiðsla frá KB banka 1. júlí 2005.
 - Fjármagnað að fullu með lántöku Kjalars ehf. hjá Íslandsbanka hf.

Heildarávinningur Welling & Partners

- Gögn rannsóknarnefndar sýna að inn á bankareikninga Welling & Partners runnu við þessi tvö viðskipti:
- Eftirstöðvar söluandvirðis í fyrri viðskiptunum:
 - 18,4 milljónir Bandaríkjadala
 - > Að lokinni uppgreiðslu allra áhvílandi skulda félagsins.
- Allt söluandvirði í síðari viðskiptunum:
 - 83,9 milljónir Bandaríkjadala
- Samanlagt: 102,3 milljónir Bandaríkjadala.
 - Að lágmarki hagnaður Welling & Partners af viðskiptum á grundvelli baksamninganna.
- Frá síðari hluta árs 2005 stóð rúmlega þessi fjárhæð, um 105 milljónir Bandaríkjadala, inni á bankareikningum Welling & Partners hjá Hauck & Aufhäuser .

Kaupthing Bank Luxembourg undirbýr skiptingu ávinninga

- Á árinu 2005 vann Eggert Hilmarsson lögfræðingur hjá KBL að uppsetningu aflandsfélaga sem tengdist ráðstöfun á eignarhaldi Welling & Partners.
- Keypt tvö aflandsfélög af Mossack Fonseca með milligöngu Karim Van den Ende.
 - Jeff Agents Corp.
 - Huntsmead Marketing Limited.
- Liður í undirbúningi að útdeilingu hagnaðar Welling & Partners vegna baksamninganna.
 - Ráðstöfunum, skjölum og skjaladrögum tengdum félögunum tveimur nánar lýst í skýrslunni.
 - Óparfi að rekja nánar hér vegna þess hvernig hagnaðurinn var að endingu greiddur út.

KBL kaupir Marine Choice Limited

- Haustið 2005 keypti Kaupthing Bank Luxembourg aflandsfélagið Marine Choice Limited, skráð á Tortóla, af Mossack Fonseca.
 - Milliganga Karim Van den Ende líkt og áður.
- Marine Choice í stað Serafin Shipping Corp. sem aðili að samkomulagi við Welling & Partners um skiptingu hagnaðar, sbr. áður.
 - Serafin þá ekki lengur til.
- Samkomulagið um skiptingu hagnaðar efnislega alveg óbreytt.
 - Marine Choice átti rétt á helmingi nettóhagnaðar, undanþegið nokkru tapi.
- Raunverulegur eigandi Marine Choice Limited var Ólafur Ólafsson, líkt og að Serafin áður.

Skipting ávinningansins

- Í janúar 2006 sendir Karim Van den Ende í nafni Welling & Partners fyrirmæli til Hauck & Aufhäuser um eftirfarandi símgreiðslu:
 - 46,5 milljónir Bandaríkjadala út af bankareikningi félagsins.
 - Inn á bankareikning hjá svissneska bankanum Julius Bär & Co.
 - Endanlegur viðtakandi „Dekhill Advisors Limited“
- Dekhill Advisors Limited?
 - Skráð á Tortóla 25. júlí 2005.
 - Rannsóknarnefnd hefur engar frekari haldbærar upplýsingar um félagið eða afdrif fjármunanna eftir þetta.
 - Líkur þó taldar standa til að Kaupping hf. (KBL) eða aðilar því tengdir hafi verið raunverulegir eigendur félagsins eða með öðrum hætti notið þeirra fjármuna sem þangað runnu.
 - Nánar rökstutt í köflum 5.9.3 og kafla 6 í skýrslu nefndarinnar.

Skipting ávinningans

- Í febrúar 2006 sendir Karim Van den Ende í nafni Welling & Partners fyrirmæli til Hauck & Aufhäuser um að:
 - Loka öllum bankareikningum félagsins og innleysa stöður á þeim,
 - breyta öllum fjármunum í Bandaríkjadali,
 - taka saman nákvæmt yfirlit um reikninga félagsins,
 - loka bankareikningum félagsins
 - og senda eftirstandandi innstæðu inn á bankareikning hjá Kaupthing Bank Luxembourg með tilvísun
 - „401577“.
- Gögn rannsóknarnefndar sýna að eftirstandandi innstæða nam þarna um 58 milljónum Bandaríkjadala.

Skipting ávinningans

- „401577“?
 - Reikningsnúmer Marine Choice Limited hjá KBL.
 - Ólafur Ólafsson raunverulegur eigandi félagsins.
 - Mörg skjöl rannsóknarnefndar frá þeim tíma og síðar sýna margvíslega aðkomu hans að málefnum félagsins.
- Tveimur dögum síðar runnu um 57,5 milljónir Bandaríkjadala inn á reikning félagsins hjá KBL.
 - Jafngilti um 3,8 milljörðum króna samkvæmt skráðu gengi á þeim degi.
- Ráðstafað umsvifalaust til dreifðra fjárfestinga í erlendum verðbréfum.